

# VÍSINDARÁÐ LANDSPÍTALA

- ÁRSSKÝRSLA 2021



LANDSPÍTALI

## FORMÁLI

Ýmislegt jákvætt mætti rifja upp frá árinu 2021, eins og formlega stofnun Birtingasjóðs Landspítala en Vísindaráðið í samvinnu við Pál Matthíasson hefur unnið ötullega að undirbúningi stofnunar hans frá árinu 2019. Þá hafa nýir verkferlar við val á Heiðursvísindamanni og Ungum vísindamanni reynst vel og fest sig í sessi. Ný matsblöð Vísindaráðsins sem nú hafa verið prufukeyrð í þrjú ár hafa einnig reynst gagnleg og notendur sammála um að þau spari tíma og tryggi betur samfellu í mati á milli umsókna. Einnig virðist vísindasamfélagið á Landspítalanum sátt við þær breytingar að skipta vorumsóknum upp í tvo flokka, umsóknum um ný vísindaverkefni og framhaldsumsóknum. Umsóknareyðublaðið fyrir það síðarnefnda er einfaldara og fljótunnara, en á móti kemur að skila verður inn framvinduskýrslu. Reglan er sú að ekki er hægt að fá fleiri en þrjá styrki til sama verkefnis, nema birst hafi ein eða fleiri vísindagrein sem útlistar niðurstöður úr verkefninu.

Áhrifa kórónuveirufaraldursins gætti ekki síður á starfsemi Vísindaráðs Landspítala árið 2021 heldur en árið 2020. Allt starf ráðsins fór fram með rafrænum hætti; yfirferð og mat á umsóknum um styrki Vísindasjóðs Landspítala fór fram á rafrænum fundum ráðsins eins og umsjón með dagskrá og uppsetningu Vísinda á vordögum, þ.m.t. fagleg yfirferð innsendra vísindaágripa og val á heiðursvísindamanni og ungum vísindamanni Landspítala. Áhrif faraldursins endurspegluðust í færri umsóknum til Vísindasjóðs og færri sendu inn ágríp vísindaverkefna til kynningar á Vísindi á vordögum.

Þarfir sjúklinga og annarra skjólstaðinga spítalans hafa eðlilega alltaf forgang. Um það eru allir sammála og því verður auðvitað ekki breytt. Við vitum einnig öll að vegna vaxandi umfangs klínískrar starfsemi á Landspítala hefur þrengrt enn frekar að vísindastarfsemi á spítalanum. Einkum vegna þess að erfitt er að verja starfsemi eins og vísindastarf, sem í raun er bara að litlu leyti gert ráð fyrir í rekstri spítalans. Fyrir framtíðarstarfsemi spítalans er mikilvægt að ráðandi aðilar viðurkenni að vísindastarfsemi sé eðlilegur og mikilvægur hluti af starfsemi Landspítala. Ráðandi aðilar þurfa einnig að sammælast um hve mikið megi fjárfesta í vísindastarfsemi á Landspítala. Annað mikilvægt skref er síðan að eyrnamerkja vísindastarfseminni það fjármagn. Þannig tryggjum við betur stöðugleika í vísindastarfseminni og eflum hana jafnframt.

Í greinargerð sem Vísindaráð lét fylgja með tillögu að vísindastefnu Landspítala 2019-2024 er að finna eftirfarandi klausu; „Við þarfagreiningar, gerð rekstraráætlana og mönnun deilda sé gert ráð fyrir vísindastarfi, á sama hátt og gert er ráð fyrir skyldum tengdum þjónustu og kennslu. Í ráðningarsamningum og starfslýsingum sé gert ráð fyrir skilgreindum tíma til vísindastarfa starfsfólks spítalans sem hefur áhuga, getu og frumkvæði til að stunda rannsóknir“

Þessi klausa lætur ekki mikið yfir sér en það er samdóma álit flestra að útfærsla sem miðar að því að skilgreina betur í tíma og rúmi umgjörð vísindastarfs á Landspítala sé þörf. Þetta er eitt af mikilvægustu fyrstu skrefunum og ætti að gerast ekki seinna en í tengslum við þá endurskipulagningu á starfsemi og mönnun spítalans sem hlýtur að vera fram undan. Við þarfagreiningar og gerð rekstraráætlana um mönnun sviða og deilda þarf það að verða að reglu að ofan á áætlaða mönnunarþörf fyrir klíniska starfsemi skuli gera ráð fyrir allt að 30% viðbótarþörf vegna vísindastarfa og kennsluskyldu starfsfólks. Auðvitað á þetta ekki við um öll svið eða allar deildir. Mikilvægast er að það sé gert ráð fyrir þessum þáttum í starfsemi háskólasjúkrahúss, ekki síst í gerð áætlana um mönnunarþörf, sem og annarra rekstraráætlana.

Að efla vísindastarfsemina og tryggja henni öflugt líf til framtíðar er líkast til einn af mikilvægari áhrifaþáttum í því hver gæðin verða á þjónustu spítalans við sjúklinga framtíðarinnar.

Rósa Björk Barkardóttir formaður Vísindaráðs Landspítala

## VÍSINDARÁÐ 2021



**Rósa Björk Barkardóttir** (formaður), náttúrufræðingur, yfirmaður rannsóknastofu í sameindameinafræði á meinafræðideild, Rannsóknarþjónustu og klínískur prófessor.



**Ingibjörg Gunnarsdóttir**, næringarfræðingur, deildarstjóri Næringarstofu, Skurðlækningaþjónustu og prófessor við Háskóla Íslands



**Guðrún Kristjánsdóttir**, forstöðumaður fræðasviðs á kvenna- og barnaþjónustu og prófessor við Háskóla Íslands, var í leyfi hluta af árinu.



**Jóna Freysdóttir**, náttúrufræðingur við ónæmisfræðideild, Rannsóknarþjónustu og prófessor við Háskóla Íslands



**Sif Ormarsdóttir**, sérfræðilæknir á meltingalækningum, Lyflækninga- og endurhæfingabjónustu



**Þórunn Scheving Elfasdóttir**, forstöðumaður fræðasviðs á svæfingu, Skurðstofum og gjörgæslu og dósent við Háskóla Íslands. Starfandi varamaður í fjarveru Guðrúnar Kristjánsdóttur á árinu



**Hans Tómas Björnsson**, yfirlæknir á erfða- og sameindalækisfræðideild, Rannsóknarþjónustu og prófessor við Háskóla Íslands.



**Sigurður Guðjónsson**, sérfræðilæknir á þvaggæskurðlækningum, Skurðlækningaþjónustu og lektor við Háskóla Íslands



**Sigríður Zöega**, sérfræðingur í hjúkrun á almennri göngudeild, Skurðlækningaþjónustu og dósent við Háskóla Íslands.



**Marianne Klinke**, forstöðumaður fræðasviðs á Kennslu- og rannsóknardeild, Skrifstofu meðferðarsviðs og dósent við Háskóla Íslands



**Sigurbergur Kárason**, yfirlæknir á svæfinga- og gjörgæslulækningum, Skurðstofum og gjörgæslu og prófessor við Háskóla Íslands.

### VARAMENN 2021:

Auðna Ágústsdóttir, verkefnastjóri á menntadeild

Inga Reynisdóttir, náttúrufræðingur og klínískur prófessor.

Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir, yfirlæknir og lektor

María Kristín Jónsdóttir, sálfræðingur og dósent

Þórunn Jónsdóttir, sérfræðilæknir og lektor

Rannveig Jóna Jónasdóttir, sérfræðingur í hjúkrun og lektor.

Valtýr Stefánsson Thors, læknir og lektor

Þór Eysteinnsson, náttúrufræðingur og prófessor

### STARFSMAÐUR VÍSINDARÁÐS:

Valgerður Margrét Backman, náttúrufræðingur, Vísindadeild

## STARFSEMI 2021



### HELSTU VERKEFNI VÍSINDARÁÐS Á ÁRINU

#### UMSJÓN OG MATSFERLI STYRKJA VÍSINDASJÓÐS LANDSPÍTALA

Umfangsmest verkefni Vísindaráðsins var eins og áður umsjón með yfirferð og mati á styrkumsóknum til vísindasjóðs. Auglýst var eftir umsóknum um rannsóknarstyrki (styrkjaflokkur A) vegna vorúthlutunar úr Vísindasjóði Landspítala þann 9. desember 2020 og var umsóknarfrestur til 25. janúar 2021. Sjóðnum bárust 85 umsóknir, þar af um þriðjungur umsóknir til framhaldsverkefna, sem Vísindaráð hefur yfirumsjón með að meta. Allar umsóknir eru metnar m.t.t skilyrða Vísindasjóðs sem settar eru fram í leiðbeiningum sjóðsins og m.t.t. gæða umsókna, vísindalegs gildis og hæfni umsækjenda. Utanaðkomandi matsaðilar eru fengnir til að meta umsóknir og gefa einkunn skv. matsblaði Vísindaráðs. Vísindaráð kallaði til tvo varamenn ráðsins í undirbúning og matsferli umsókna.

Auglýst var eftir umsóknum til Vísindasjóðs um styrki til handa ungu starfsfólki Landspítala til klínískra rannsókna (styrkjaflokkur B) þann 21. september og var frestur til að skila inn umsókn 27. október 2021. Umsóknarfrestur var síðan framlengdur til 25. nóvember til mótvægis við COVID-19 annir hugsanlegra umsækjenda. Auglýst var eftir umsóknum um vorstyrki Vísindasjóðs 2022 þann 16. desember 2021 og var umsóknarfrestur til og með 31. janúar 2022.

Hönnun umsóknareyðublaða í rafrænu styrkumsjónarkerfi og eftirfylgni í matsferli styrkumsókna og styrkúthlutunar er í höndum starfsmanns Vísindaráðs.


#### UMSJÓN TILNEFNINGA OG VAL Á HEIÐURSVÍSINDAMANNI LANDSPÍTALA

Heiðursvísindamaður Landspítala er valinn á ári hverju. Árið 2021 auglýsti Vísindaráð eftir tilnefningum til heiðursverðlauna frá starfsfólki Landspítala um miðjan janúar og var umsóknarfrestur til 25. febrúar. Ráðsmenn hafa veg og vanda af yfirferð tilnefninga og er lagt mat á árangur viðkomandi vísindamanns í rannsóknum sínum ásamt frumleika og sjálfstæðis í vísindastörfum hans. Horft er til fjölda birtinga í góðum erlendum fagtímaritum, fjölda greina sem viðkomandi er fyrsti eða síðasti höfundur og fjölda tilvísana í birtar greinar, öflunar stórra styrkja héraendis sem erlendis og þátttöku og árangurs í erlendu samstarfi. Einnig er horft til framlags vísindamanns til eflingar vísinda og vísindamenningar innan Landspítala, greinafjölda sem byggir á rannsóknum innan spítalans, fjölda tilvitnana í þær greinar og fjöldi útskrifaðra meistara- og doktorsnema.

## UMSJÓN OG YFIRFERÐ INNSENDRA ÁGRIPA VEGNA VÍSINDA Á VORDÖGUM

Auglýst var eftir ágripum veggspjalda vísindaverkefna í lok janúar og var frestur til innsendingar 1. mars. Fjöldi innsendra ágripa var 28 og voru þau öll samþykkt til birtingar í fylgiriti Læknablaðsins í kjölfar hátíðarinnar ásamt með ávarpi formanns Vísindaráðs og dagskrá. [Fylgirit 106 | Læknablaðið \(laeknabladid.is\)](#)

Athygli vekur mikil fækkun innsendra ágripa á síðastliðnum árum.



## UMSJÓN TILNEFNINGA OG VAL Á UNGUM VÍSINDAMANNI LANDSPÍTALA

Samhliða auglýsingu eftir ágripum veggspjalda er auglýst eftir tilnefningum til ungs vísindamanns Landspítala ár hvert. Val á ungum vísindamanni byggir á ferilskrá hans og ritalista og þá aðallega greinum þar sem viðkomandi er fyrsti eða síðasti höfundur. Þá er einnig horft til vísindalegs gildis þess verkefnis og gæða þess ágrips sem viðkomandi sendi inn. Árið 2021 voru tilnefningar 7 talsins og mat Vísindaráð tilnefningarnar.

## VÍSINDI Á VORDÖGUM - DAGSKRÁRGERÐ, FUNDARSTJÓRN OG FRAMKVÆMD

Vísindi á vordögum er uppskeruhátíð vísinda á Landspítalanum. Megintilgangur Vísinda á vordögum er að skapa vettvang fyrir starfsfólk Landspítala til að hittast og gefa sér tóm til að ræða um vísindi og kynna sér hvað aðrir á spítalanum eru að fást við í rannsóknum sínum. Undirbúningur og framkvæmd hátíðarinnar er í höndum Vísindaráðs ásamt starfsmanni ráðsins, Valgerði M. Backman, verkefnisstjóra á Vísindadeild Landspítala.

Í undanfara Vísinda á vordögum 2021 fór fram viðamikil vinna með samskiptadeild Landspítala þar sem unnið var að upptöku viðtala við heiðursvísindamann og ungan vísindamann, myndatökum, skipulagi á beinu streymi, skipulagi á viðtalshorni, auglýsingagerð og birtingu auglýsinga, grafískri hönnun auglýsinga og vefsíðu auk samantekta fyrir vefsíðu hátíðarinnar og síðu veggspjaldasýningar, samantekt á tölulegum gögnum til upplýsinga og fréttum frá liðnu ári.

## UNDIRBÚNINGU AÐ STOFNUN BIRTINGASJÓÐS LANDSPÍTALA


Birtingarsjóður Landspítala var stofnaður snemma á árinu 2021 eftir þónokkurn aðdraganda. Stofnframlag sjóðsins var fengið með sölu Landspítala á hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækinu OCULIS ehf, sem stofnað var árið 2017 af Einari Stefánssyni, sérfræðingi í augnlækningum og prófessors við Háskóla Íslands. Stofnframlag sjóðsins var 35,3 milljónir króna. Markmið sjóðsins er að styðja frekar við vísindastarf starfsfólks Landspítala, með því að hvetja vísindafólk til að birta rannsóknir sínar í erlendum tímaritum með háan áhrifastuðul og verja tíma sínum í leiðandi hlutverki í metnaðarfullum rannsóknarverkefnum. Vísindaráð á stóran þátt í tilurð sjóðsins þó vinna ráðsins hafi að mestu farið fram á árunum 2019-

2020. Vísindaráði var falið að koma með hugmyndir að nýtingu á fjármagni því er kom til við sölu Landspítalans á hlutbréfunum. Vísindaráð setti fram þrjár hugmyndir sem allar byggðu á Vísindastefnu Landspítala sem Vísindaráðið hafði unnið fyrir framkvæmdastjórn og samþykkt hafði verið. Vísindaráði var falið að útfæra hugmyndir og velja á milli þeirra. Útfærsla hugmynda um Birtingarsjóð (Hvatningasjóður) vísindaráðsmeðlima varð að tillögu að stofnskrá sem var, að undangenginni skoðun ýmissa aðila, samþykkt og undirrituð. Styrkir sem veittir eru úr sjóðnum eru ekki bundnir við að greiða niður birtingarkostnað heldur ræður styrkhafinn hvernig hann nýtir styrkinn. Dagleg umsjón sjóðsins er í höndum starfsmanns Vísindaráðs.


## SVAR VIÐ FYRIRSPURN JAFNRÉTTISNEFNDAR LANDSPÍTALA

Um mitt ár 2021 barst Vísindaráði fyrirspurn frá Jafnréttisnefnd Landspítala um kynjahlutfall í umsóknum og úthlutun Vísindasjóðs Landspítala. Óskað var eftir fundi með formanni Vísindaráðs vegna þessa. Tilfni fundar var áberandi fækkun kvenna sem fékk úthlutað úr Vísindasjóði þá um vorið. Á fundinum kynnti formaður Vísindaráðs samantekin gögn allt frá árinu 2008 um kynjahlutfall í umsóknum og úthlutunum sjóðsins, áberandi fækkun umsókna frá „hefðbundnum“ kvennastéttum, tölfræðiútreikningum á kynjahlutfalli úthlutana. Gögnin voru tekin saman af starfsmanni ráðsins og greind af tölfræðingi í Vísindadeild, Ubaldo Benitez Hernandez. Niðurstaða athugana hvað varðar Vísindasjóð er að ekki er sé grundvöllur fyrir því að umsóknir kvenna séu að fá aðra meðferð hjá Vísindaráði og Vísindasjóði en umsóknir karlkyns umsækjenda.


Formaður sendi í kjölfarið bréf til stjórnar spítalans með niðurstöðum athugunar Vísindaráðs og upplýsingum um fundinn. Formleg áskorun barst frá Jafnréttisnefnd Landspítala til formanns Vísindaráðs í nóvember 2021. Í áskoruninni hvetur Jafnréttisnefnd til þess að gert verði sérstakt átak til að hvetja vísindakonur á Landspítala til að stunda rannsóknir, að átakið sé til nokkurra ára og að til þess séu veittir sérstakir styrkir. Áskorunin var einnig send til framkvæmdastjórnar og starfandi forstjóra. Vísindaráð hefur fjallað um málið og er umræðum hvergi hætt.



Sveiflur eru í fjölda umsókna milli ára en umsóknum hefur fækkað jafnt og þétt á tímabilinu 2008-2021 bæði hjá konum og körlum. Áberandi var fækkun á umsóknum frá konum árið 2021 og endurspeglar það óvenjulega fáar umsóknir frá hjúkrunarfræðingum og náttúrufræðingum. Mögulega má rekja þessa útkomu til COVID en næstu ár munu leiða það í ljós.



Prósentuhlutföll milli fjölda umsókna frá konum og frá körlum. Hlutfallið sveiflast í kringum 40% frá konum á móti 60% frá körlum. Til að reyna að skýra þennan mun þyrfti að fara í ákveðna vinnu sem m.a. myndi felast í að afla gagna um fjöldann af kvenkyns og karlkyns starfsfólki Landspítalans sem hafa nægilegan vísindalegan bakgrunn til að leiða og bera ábyrgð á vísindarannsóknnum og nota þær upplýsingar til að meta hvort þetta hlutfall er skekkt. Tölur ofan við súlur sýna fjölda einstaklinga



Ef prósentuhlutur þeirra umsókna sem er hafnað á tímabilinu 2008-2014 og 2015-2021 er borinn saman er ekki munur á hlutfalli umsókna sem er hafnað eftir kyni.


Kyn	Stada		Total
	Hafnað	Veitt	
F	47 12.11	341 87.89	388 100.00
M	103 14.25	620 85.75	723 100.00
Total	150 13.50	961 86.50	1,111 100.00

Pearson chi2 (1) = 0.9835 Pr = 0.321  
 Fisher's exact = 0.357  
 1-sided Fisher's exact = 0.185

Niðurstaða tölfræðiútreikninga á gögnunum á staðfestir að þegar skoðað er hlutfall þeirra umsókna sem er hafnað á tímabilinu 2008-2021 að það er ekki munur á hlutfalli umsókna sem er hafnað eftir kyni

Í tilraun til að reyna að finna skýringar á því að 2021 varð áberandi mikil fækkun á umsóknum frá konum var fjöldi umsókna frá mismunandi fagstéttum innan spítalans borin saman árin 2018-2021. Niðurstöðurnar sýna óvenjulegar fáar umsóknir frá hjúkrunarfræðingum og frá náttúrufræðingum sem gæti hugsanlega skýrt þennan mun. Auðvitað er ekki hægt að fullyrða neitt um ástæður en mögulega má rekja þessa útkomu til COVID.

### Fjöldi kvenna og karla innan fagstétta sem sækja um styrk per ár



## ÚTHLUTUN STYRKJA 2021


### VÍSINDASJÓÐUR LANDSPÍTALA STYRKJAFLOKKUR A

Markmið styrkjaflokks A er efling rannsókna í heilbrigðisvísindum á Landspítala með úthlutun styrkja til metnaðarfullra verkefna með öflugum rannsakendum. Árið 2021 var úthlutað styrkjum til 74 verkefna að heildarfjárhæð um 83 milljónir króna. Meðalupphæð styrkja var rúmlega 1 milljón kr. Styrkjum var úthlutað rafrænt og voru styrkirnir formlega afhentir í beinu streymi á Vísindum á vordögum þann 28. apríl með ávarpi Páls Matthíassonar, forstjóra og formanni Vísindasjóðs Landspítala.


### Tengill úthlutun 2021




### Styrkir eftir starfsgreinum




### Úthlutun eftir kyni




### Úthlutun eftir sviðum/deildum




### Fjöldi styrkumsókna og úthlutanir milli ára



### Samanburður á fjölda umsókna milli starfsgreina



### Meðalstyrkuppþæð milli ára



## VÍSINDASJÓÐUR LANDSPÍTALA STYRKJAFLOKKUR B

Markmið styrkjaflokks B er að efla klínískar rannsóknir á Landspítala og styðja við rannsóknarvirgni ungra vísindamanna. Úthlutað var styrkjum til 9 verkefna, að heildarfjárhæð um 13 milljónir króna. Afhending styrkja fór fram við hátíðlega athöfn 7. desember 2021 í beinu streymi. Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga flutti ávarp og Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, settur



forstjóri og formaður Vísindasjóðs Landspítala, afhenti styrkina. Fundarstjóri fyrir hönd Vísindaráðs var Rósa Björk Barkardóttir, formaður ráðsins. Styrkþegar gerðu stuttlega grein fyrir rannsóknarverkefnum sínum.

Tengill úthlutun 2021



## VÍSINDI Á VORDÖGUM 2021



## VÍSINDI Á VORDÖGUM

Vísindi á vordögum voru haldin þann 28. Apríl 2021 skv. dagskrá í Hringsal Landspítala og var athöfn streymt beint. Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra formaður Vísindaráðs, ávarpið hátíðargesti og setti hátíðina Rósa Björk Barkardóttir, formaður Vísindaráðs tilkynnti um val á heiðursvísindamanni Landspítala árið 2021 og hlaut heiðrunina Gunnar Guðmundsson, sérfræðingur í lungnalækningum við lyflækninga- og bráðabjónustu

Landspítala og hlaut hann viðurkenninguna fyrir framúrskarandi framlag til vísinda. Gunnar hélt í kjölfarið fyrirlestur þar sem hann fór yfir yfirgripsmikinn feril sinn og rannsóknir sínar. Sigurbergur Kárason kynnti fyrir hönd Vísindaráðs val á ungum vísindamanni Landspítala 2021 og varð Elías Sæbjörn Eyþórsson, sérnámslæknir, fyrir valinu. Elías Sæbjörn hlaut viðurkenninguna fyrir athyglisverðan og góðan árangur á sviði vísindarannsókna.



Elías Snæbjörn hélt kynningu á rannsóknum sínum. Veitt voru verðlaun úr Verðlaunasjóði Þórðar Harðarsonar og Árna Kristinssonar í læknisfræði og skyldum greinum og kynnti Páll Matthíasson verðlaunahafa fyrir hönd stjórnar sjóðsins. Hans Tómas Björnsson, prófessor og yfirlæknir, hlaut verðlaunin að þessu sinni. Verðlaunin eru 6 milljónir króna og eru ein stærstu verðlaun sem veitt eru fyrir vísindastörf hér á landi. Verðlaunahafi hélt fyrirlestur um rannsóknir sínar. Bryddað var upp á þeirri nýbreytni á hátíðinni að vera með viðtalshorn þar sem Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga, fór í hlutverk

viðtalsþáttastjórnanda og voru Gunnar, Elías Sæbjörn og Hans Tómas kallaðir á teppið eftir sínar kynningar. Jóna Freysdóttir opnaði formlega veggspjaldavef hátíðarinnar og kynnti fyrir hönd Vísindaráðs val á verðlaunaágripum hátíðarinnar, en þau eru valin úr hópi innsendra ágrípa. Þrjú vísindamenn fengu verðlaun í formi fjárinneignar að upphæð 150.000 Íkr til greiðslu kostnaðar við kynningu á verkefninu innanlands og/eða utan. Verðlaunahafar héldu



örfyrirlestur um verkefni sín. Veggspjöld 26 vísindamanna voru til sýnis fyrir framan Hringsal og fengu þau að vera til sýnis fram að ársfundi Landspítala, gestum og gangandi til ánægju. Að lokum hélt Páll Matthíasson, forstjóri og stjórnarformaður Vísindasjóðs Landspítala ávarp og afhenti formlega styrki úr sjóðnum. Fundarstjóri hátíðar var Jóna Freysdóttir, ónæmisfræðingur og prófessor, Vísindaráði.

Vísindi á vordögum er og verður uppskeruhátíð vísinda á Landspítalanum. Vísindaráð vinnur ötullega að kynningu á vísindum innan spítalans og hefur á erfiðum tímum þurft að brydda upp á ýmsum nýjungum til þess að sú árlega kynning lenti ekki undir í baráttunni við COVID-19. Hátíðin hefur verið streymt beint núna tvö ár í röð og má áætla að fjöldi þeirra sem fylgist með hátíðinni aukist jafnt og þétt enda eru

upptökur af hátíðinni aðgengilegar og verða til frambúðar. Veggspjöld sem kynnt voru á hátíðinni á rafrænu formi og í raunheimum stuðluðu að auknum sýnileika vísindastarfs innan spítalans. Það er einnig ljóst að sérstök vefsíða

sem  
var



hönnuð í tilefni hátíðarinnar árið 2020 vegna samkomubanns er komin til að vera. Mikilvægt er að starfsmenn og aðrir hafi tækifæri til að kynna sér þær vísindarannsóknir sem stundaðar eru á spítalanum og að taka þátt í Vísindi á vordögum er ekki síður mikilvægt fyrir þá starfsmenn spítalans sem eru að stíga sín fyrstu skref í rannsóknum. Þannig skapast reynsla fyrir áframhaldandi sigra í heimi vísindanna. Mikilvægi vísindastarfsemi í rekstri Landspítala er óumdeild. Með öflugri vísindastarfsemi verður til þekking sem kemur skjólstæðingum Landspítala og vísindasamfélaginu öllu til góða. Vísindi á vordögum er tilvalinn vettvangur til að kynna niðurstöður rannsókna fyrir samstarfsfólki og öðrum áhugasömum.

[Dagskrá Vísinda á vordögum 2021](#)

[Fylgirit Læknablaðsins 2021](#)

[Vefsíða Vísinda á vordögum 2021](#)

[Vefsíða veggspjalda 2021](#)

[Yfirlit styrkúthlutunar úr Vísindasjóði 2021](#)

## UM VÍSINDASJÓÐ LANDSPÍTALA

Vísindasjóður Landspítala veitir árlega um 100 milljónum króna í styrki til starfsmanna spítalans. Sjóðurinn var formlega stofnaður á árinu 2000 við sameiningu vísindasjóða Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur og voru fyrstu styrkveitingar úr sameinuðum sjóðum á árinu 2002. Vísindasjóður veitir styrki úr sjóðnum byggt á tillögum Vísindaráðs Landspítala.

### STJÓRN VÍSINDASJÓÐS LANDSPÍTALA 2021

Páll Matthíasson forstjóri/Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, settur forstjóri

Ólafur Baldursson framkvæmdastjóri lækninga

Ólafur D. Andrason, framkvæmdastjóri skrifstofu fjármála

Rósa Björk Barkardóttir, yfirmaður sameindameinafræði meinafræðideildar og klínískur prófessor

Sigríður Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar

